

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi lóðar Norðuráls á Grundartanga, uppfært deiliskipulag, Hvalfjarðarsveit.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti þann 24. nóvember 2015 breytingu á deiliskipulagi lóðar Norðuráls á Grundartanga, uppfært deiliskipulag.

Deiliskipulagsbreytingin felst í að verið er að uppfæra deiliskipulagsskilmála til samræmis við þær deiliskipulagsbreytingar og framkvæmdir sem gerðar hafa verið á upprunalegu deiliskipulagi. Jafnframt verður sótt um starfsleyfi fyrir 350.000 tonna ársframleiðslu, sbr. álit Skipulagsstofnunar 26. júní 2014.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*F.h. sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar, 21. desember 2015,*

**Ólafur Melsted** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 4. janúar 2016